

Í reiðileysi

Ekki segi ég að sýningin „Reykjavík í myndlist“ sé versta listsýning sem haldin hefur verið að Kjarvalsstöðum. En hún er með þeim verri, svo mikið er víst.

Enda varla nema von þegar farið er af stað án nauðsynlegrar fyrirhyggju. Í auglýsingu var öllum starfandi listamönnum boðið að senda inn „Reykjavíkurmyndir“, án

son), og loks er þarna fjöldi verka sem eru afskaplega laustengd við Reykjavík, svo ekki sé meira sagt, t.d. „Hús málara“ eftir Daða Guðbjörnsson, fólksmyndir eftir Einar Hákonarson, ljóðrænt konseptverk eftir Gylfa Gíslason, heimikið skúlptúrferliki eftir Helga Gíslason, „borgarendur“ eftir Margréti Jónsdóttur, andlit eftir Sigrúnu Gísla-

dóttur og rekaviðarskúlptúrar eftir Sæmund Valdimarsson. Er þá ýmislegt sérkennilegt enn ótalið.

Slagsíða

Í þessu kraðaki öllu leynast að vísu nokkur ágæt verk, sjá til dæmis dimmóskulegar landslagsmyndir Elínar Magnúsdóttur, hressilega málaðar tjaldamyndir Erlu B. Axels-

dóttur og nokkurra ára gömul málverk Jóhannesar Geirs, en umrædd verk eru þarna í algjöru reiðileysi.

Vissulega var full ástæða til að efna til veglegrar sýningar á Reykjavíkurmyndum íslenskra listamanna á sjálfu afmælisárinu en þá hefði þurft að búa stórum betur um hnúta en hér hefur verið gert.

Mestur fengur hefði verið í Reykjavíkursýningu með sögulegum formerkjum, þ.e. með myndum listamanna allt frá Jóni Helgasyni biskupi til Tolla. Þar er af nógu að taka.

Það verður sem sagt ansi mikil slagsíða á Kjarvalsstöðum það sem eftir lifir sumars.

-ai

Myndlist


Aðalsteinn Ingólfsson

frekari forskriftar eða skýringar á því hvað átt væri við. Þannig var listamönnum í lófa lagið að senda inn eldrauðar afstraktmyndir undir nafninu „Sólarlag við Ástarbraut“ eða eitthvað í þá veru. Sem þeir og gerðu, eins og sýningin er til vitnis um.

Sá vitnisburður bendir einnig til þess að þegar til kastanna kom hafi dómnefndin ekki heldur gert upp við sig hvers konar sýningu hún vildi setja saman. Því vita áhorfendur ekki heldur hvers konar sýningu þeir eru að horfa á.

Öllu ægir saman


Þarna ægir sem sagt öllu saman, myndum af gömlum húsum (Ágúst Petersen, Árni Elfar, Einar Garibaldi, Ingvaldur Gísladóttir, Jón Ágústsson, Tryggvi Árnason, Örn Þór), myndir af náttúru umhverfis höfuðborgina (Elín Magnúsdóttir, Guðrún Tryggvadóttir, Jóhannes Geir, Jörundur Pálsson, Kristín Þorkelsdóttir o.fl.), einhvers konar atvinnulífsmyndir, sem tengjast Reykjavík misjafnlega vel (Eggert Magnússon, Sigurður Þórir Sigurðs-



Verk eftir Sigrúnu Eldjárn (l.v.) og Gunnar Karlsson.



SAMVINNUBANKI ÍSLANDS HF.
alltaf skammt undan




BÍLALEIGA

Útibú í kringum landið

REYKJAVÍK: 91-31815/686915
AKUREYRI: 96-21715/23515
BORGARNES: 93-7618
BLÖNDUÓS: 95-4350/4568
SAUÐÁRKRÓKUR: 95-5913/5969
SIGLUFJÖRÐUR: 96-71489
HÚSAVÍK: 96-41940/41594
EGILSSTAÐIR: 97-1550
VOPNAFJÖRÐUR: 97-3145/3121
FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR: . 97-5366/5166
HÖFN HORNAFIRDI: 97-8303

interRent



HJÓLALEGUR, DRIFLEGUR

OG PAKKDÓSIR

Í AMERISKAR JEPPABIFREIÐAR

JEPPAEIGENDUR NOTA AÐEINS ÞAÐ BESTA -

AMERISKT Í AMERISKA JEPPA

DIFREIÐA **VARAHLUTIR**
AUKAHLUTIR

VARAHLUTAVERSLUNIN
BÍLMÚLI
SÍÐUMÚLA 3

☎ 37273

Póstsendum um allt land



Vélsmiðja

Laufbrekku 2, 200 Kóp. S-641745.

Smíðum færibönd, rækjudælur, fiskþvottakör, hillurekka og borð á hjólum úr ryðfríu stáli,

einnig margt fleira. Smíðum einnig handrið á svalir og stiga. Það er opið hjá okkur mánudag - föstudags frá 8-12 og 13-17.